# LOKASKÝRSLA

ECOJOBS

„new skills and activities for the development of ecological approach in education and training“

2012-2014




SVEITAVEGURINN
-SJÁLFSEFLING SAMFÉLAGS-
-FRÁ HÍTARÁ AÐ HELLNUM-

SSV
þróun og ráðgjöf

Lifelong Learning Programme

Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Staðarsveit: 20.10.2014

**Margrét Björk Björnsdóttir**
Verkefnisstjóri – „sveitaverkefni“ SSV

**Ragnhildur Sigurðardóttir**
Verkefnisstjóri–EcoJobs LBHÍ

Efnisyfirlit:.........................................................................bls.

EcoJobs – samstarfsverkefni ................................................ 2

Sveitaverkefni & EcoJobs – verkefnisyfirlit 2012 ......................... 3

Sveitaverkefni & EcoJobs – verkefnisyfirlit 2013 ......................... 4

Sveitaverkefni & EcoJobs – verkefnisyfirlit 2014 ......................... 6

Upplýsingar um verkefnin: ......................................................... 7

Ýmsar myndir af vettvangi:......................................................... 8

Dæmi um kynningar á verkefnum:............................................... 8

Sýnishorn af skráningarblöðum á „hitting“: ................................. 9

Sýnishorn af þátttökuskráningu í heimboð og hitting: ............... 10

## EcoJobs – samstarfsverkefni

EcoJobs var samstarfsverkefni í Leonardo starfsmenntaáætluninni (Partnership verkefni).

Skilgreiningin fyrir samstarfsverkefni er nýleg innan Leonardó áætlunarinnar. EcoJobs fékk styrk úr þriðju úthlutun úr þessum sjóði og verkefnistímabilið var 1. ágúst 2012 – 1.ágúst 2014.

Verkefnin sem falla undir þennan hluta Leónardó áætlunarinnar eru smærri samstarfsverkefni milli a.m.k. þriggja landa, og þarf a.m.s.k. eitt þessara landa að vera Evrópusambandsland. Verkefnin eru til tveggja ára og á tímabilinu hittast samstarfsaðilar fjórum til tólf sinnum.




ECOJOBS; new skills and activities for the development of ecological approach in education and training.

Þátttakendur í EcoJobs voru landbúnaðartengdir starfsmenntaskólar í fjórum löndum, þ.e. Íslandi, Finnlandi, Englandi og Frakklandi. Auk þess var leitað eftir landbúnaðar- og dreifbýlistengingu með þátttöku frá fólki búsettu á landsbyggðinni. Því varð ”Sveitaverkefnið” – sjálfseling samfélags frá Hítará að Hellnum, aðili að þessu samstarfsverkefni .

Markmið EcoJobs var að stuðla að virkri uppbyggingu á umhverfisvænum verkefnum og störfum m.a. með þekkingarmiðlun sem felst í verkefnavinnu, vinnusmiðjum og námsferðum milli skólanna.

Áherslur verkefnisins voru:

- Sjálfbærni, frumkvöðlar, ný störf, dreifbýli.
- Nota og nýta náttúruna með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Þjálfa fólk í að stofna sjálfbæra starfsemi.
- Faglegar, félagslegar og samfélagslegar áherslur.
- Efling samfélags og atvinnuuppbygging.

Markmið verkefnisins var að efla þekkingu auk þess að kveikja áhuga á sjálfbærum verkefnum og viðfangsefnum í dreifbýli.

Boðið var upp á ýmsar vinnusmiðjur, vettvangsferðir, námskeið og verkefni tengd EcoJobs verkefninu. Auk þess sem reynt var að efla samfélagið, auka samstarf og samkennd fólks og hvetja til góðra verka.

## Sveitaverkefni & EcoJobs – verkefnisyfirlit 2012

**"Sveitaverkefni" - heimboð, hittingur, vinnusmiðjur og viðburðir til að efla heimavinnslu, matarmenningu, sögufylgd og ferðaþjónustu - frá Hítará að Hellnum –**
**„new skills and activities for the development of ecological approach in education and training“**

| *dagur* | *tími* | *viðfangsefni* | *það sem gert var...* |
|---|---|---|---|
| 2012 | - | **"Heimilisiðnaðareldhús" Breiðabliki** | Unnin var gæðahandbók og gerðar umbætur á eldhúsinu í félagsheimilinu á Breiðabliki til að fá framleiðsluvottun fyrir heimilisframleiðslu á matvörum, s.s. sultum ofl. - til að varan gæti fengið söluvottun og mætti selja á almennum markaði. Öllum í sveitinni er heimilt að fá aðgang að eldhúsinu til að framleiða þar söluvöru á "heimilisiðnaðarskala" |
| ***2012*** | ***undirbúningur og kynning á Sveitaverkefni - EcoJobs*** | | |
| 31.ág.-2.sept. | helgin | **"Krækiberið"** | Krækiberið uppskeru og auðlindahátíð í samstarfi við Markaðsstofa Vesturlands sem hún stóð fyrir á haustdögum. Efnismikil dagskrá á Sveitaverkefnissvæðinu. |
| 31.ág.-1.sept | alla helgina | ***"Krækiberið" Samkomuhúsið Arnarstapa*** | Boðið upp á fjallagrasabrauð, drykki úr fjallagrösum og öðrum jurtum, berjarétti og drykki. Sýningu á ýmsum áhöldum,t.d. berjatínum, ásamt fróðleik um viðkomandi hlut. Fólk gat blandað sitt eigið jurtate á staðnum. |
| 1. sept. | 13:30-16:00 | ***"Krækiberið" Júlíana Samkomuhúsið Arnarstapa*** | "Grasagudda" Stuttur fyrirlestur um tínslu og notkun fjallagrasa. Grasaferð á Jökulhálsinn |
| 31. ág | 21:00-23:00 | ***"Krækiberið" RökkurRó Lýsuhólslaug*** | RökkurRó- kvöldopnun í Lýsuhólslaug - kertaljós og ljóðalestur - hryllingssögur |
| 1. sept. | 21:30-22:00 | ***"Krækiberið" - Stofutónleikar - Þorri á Tvíodda*** | Stofutónleikar og spjall um lífið og tilveruna í sveitinni. |
| 2. sept. | 13:00-14:30 | ***"Krækiberið" Rúnar Marvinsson Gistihúsið Langaholt*** | "Náttúran sér um sína" - "Þaraberjasultusaft" - Rúnar Marvinsson sýnir og segir frá nýtingamöguleikum á þara |
| 20. okt. | 20:30 - 22:00 | **Sveitaverkefni / EcoJobs "fréttabréf"** | Prentað út og sent kynningarbréf um þetta Sveitaverkefni & EcoJobs - í alla póstkassa á sveitaverkefnissvæðinu - "frá Hítará að Hellnum" |
| 23. okt. | 20:30 - 22:00 | **"HITTINGUR" Breiðabliki** | Rætt um viðfangsefni sveitaverkefnis / EcoJobs - og hvað sé hægt að gera á "hittingi" - og hvað fólki langar til að gera saman. |
| 6. nóv. | 14:30-17:30 | **"HITTINGUR" Breiðabliki** | Vinnusmiðja vegna MatarMálþings. Undirbúningur - bæði framkvæmd og vörukynningar. Farið yfir hvaða framleiðsla er á svæðinu og hvað væri mögulega hægt að rækta og fullvinna hér. |
| 16. nóv. | 12:00-18:00 | **"MatarMálþing"** | Matarmálþing með erindum um heimavinnslu og sölu, samspil ferðaþjónustu og matgæðinga í héraði ofl. veitingaaðilar á svæðinu kynntu sig og buðu upp á veitingar. |
| 9. des. | 12:00-18:00 | **Jóla-sveitamarkaður** | Jóla-sveitamarkaður á Breiðabliki. Heimamenn efndu til sveitamarkaðs til að selja handverk og heimavinnslu af svæðinu. |
| | | | ***Jólafrí*** |

## Sveitaverkefni & EcoJobs – verkefnisyfirlit 2013

| "Sveitaverkefni" - heimboð, hittingur, vinnusmiðjur og viðburðir til að efla heimavinnslu, matarmenningu, sögufylgd og ferðaþjónustu - frá Hítará að Hellnum – „new skills and activities for the development of ecological approach in education and training“ | | | |
|---|---|---|---|
| ***dagur*** | ***tími*** | ***viðfangsefni*** | ***það sem gert var...*** |
| 22.-24. jan. | 3 dagar | **"vinnusmiðja" - LBHI Reykjum** | EcoJobs - vinnusmiðja - gestir frá samstarfslöndunum. Vinnusmiðjur og vettvangsferðir. |
| 24. jan. | 20:30-22:00 | **"HITTINGUR" - Lindartunga** | Sagt frá tilurð og hugmyndafræði „sveitaverkefnisins“ og EcoJobs. Kynnt þau viðfangsefni og samstarfsverkefni sem núna liggja fyrir - þ.e. að leggja áherslu á að efla "matgæðinga", "sögufylgjur", "sveitamarkað" og tengja við ferðaþjónustu á svæðinu. Auk þess að leggja góðum málefnum lið. Lagðar línurnar fyrir „hitting“ og önnur viðfangsefni á vorönninni. |
| 29. jan. | 20:30-22:00 | **Breiðablik - "HITTINGUR"** | „Matgæðingar“ - kynnt námskeið sem okkur stendur til boða að fá frá MATÍS - þ.e. REYKING MATVÆLA / SULTUN, SÚRSUN OG NIÐURLAGNIN MATVÆLA / ÞURRKUN MATVÆLA. – en við getum valið eitt af þessum námskeiðum til að fá til okkar núna í febrúar í tengslum við MSF verkefnið – ef næg þátttaka fæst. |
| 5.feb. | 20:30-22:00 | **Félagsheimilið Lýsuhóli - "HITTINGUR"** | Kynning á Sögufylgjuverkefni - leiðsögn heimamanna um sunnanvert Snæfellsnes. Ragnhildur Sigurðardóttir fór yfir verkefnahugmynd. Söguverkefni Lýsuhólsskóla kynnt. Umræða um söguskráningu á svæðinu ofl. |
| 12. feb. | | **"Hittingur"** | féll niður vegna veikinda |
| 19. feb. | 20:30-22:00 | **"Hittingur" Breiðabliki** | Umræður um aðgengi og aðstöðu á áfangastöðum á okkar svæði. Velt upp ýmsu sem betur má fara- t.d. laga eða bæta aðgengi of ath. salernismál á ferðamannastöðum – frá Hítará að Hellnum? |
| 26. feb. | 20:30-22:00 | **Félagsheimilið Lýsuhóli - "HITTINGUR"** | Umræður um hvaða námskeið fólk hefur áhuga á að fá heim í hérað og hvort vilji er til að fara í “námsferðir” til að sjá og heyra hvernig ýmsir aðilar hafa verið að byggja upp og þróa ýmsa vöru og þjónustu í kring um okkur. |
| 28. feb. | 10:00 - 16:00 | **Breiðablik "heimilisiðnaðareldhús"** | Umræður um hvað er í „matarkistunni“ okkar – rætt hvað náttúra svæðisins hefur upp á að bjóða á hverjum tíma. Árstíðarbundna matseðla ofl. |
| 12.mar | 20:30-22:00 | **"HITTINGUR" - Lindartunga** | Umræður um orkumál - þar sem við búum á köldu svæði er mjög mikilvægt að huga að öllum mögulegum orkusparnaðar og nýtingaleiðum sem mögulegar eru. Verkefnisstjóri Orkuseturs landbúnaðarins (LBHÍ) var með kynningu, sat fundinn og tók þátt í umræðum. |
| 19.mar | 20:30-22:00 | **"HITTINGUR" og heimboð í Samkomuhúsinu Aranarstapa** | " Hittingur"á vettvangi - nú færum við samverustundirnar okkar út úr félagsheimilunum og þiggjum "heimboð" í Samkomuhúsinu Arnarstapa - þar tekur Ólína á móti okkur og segir okkur frá starfseminni auk þess sem við höldum áfram með sögufylgjuverkefni. -BRAST Á MEÐ BRJÁLUÐU VEÐRI OG fáir komust... |
| 1.apr | 11:00 - 12:30 | **Vettvangsferð og sýnikennsla í sögufylgd** | "HITTINGUR" á Búðum - sýnikennsla í sögufylgd, þar sem Ragnhildur á Álftavatni leiddi göngu að Frambúðum og sagði frá hvernig hún ber sig að í "sögufylgd". "heimboð" á Hótel Búðum - fengum að heyra hvað þjónusta er þar á boðstólnum og öllum boðið í súpu. |
| 13.apr | 11:30 - 18:00 | **Vettvangsferð í Búðardal** | Málþing um Handverk og Hönnun í Búðardal. Fulltrúar úr starfshópi Sveitamarkaðs sóttu málþingið. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 30.maí | 11:00 - 16:00 | **Bifröst** | Dagur ferðaþjónustunnar á Vesturlandi. Sameiginleg kynning á ferðaþjónustu á sveitaverkefnissvæðinu "frá Hítará að Hellnum" |
| 26.jún | 20:30 - 22:00 | **„Hittingur“ Breiðablik** | Vinnusmiðja vegna sveitahátíðar / sveitamarkaðs 20.-21. júlí. Unnið að undirbúning við dagskrá, skipt með sér verkum ofl. |
| 20.-21. júlí | 12:00 - 18:00 | **Breiðablik - "Sveitahátíð"** | Sveitahátíð - samstarf við sveitamarkaðinn - félög og einstaklingar stóðu að dagskrá til að krydda sveitamarkaðinn. Sýndar voru hestalistir og fjárhundasýning, fjölskylduleikir, leggjabú, torfærutæki, gamlir traktorar og eðalbílar, öllum gefið grillað lambakjöt o.m.fl. |
| 20.-21. júlí | 12:00 - 18:00 | **Sveitamarkaður** | Sveitamarkaðshópurinn stóð fyrir sumarmarkaði á Breiðabliki. Ýmislegt handverk og heimavinnsla til sölu ásamt fleiru. |
| 20.-21. júlí | 12:00 - 18:00 | **Lukkukrukka** | "LukkuKrukka" - í samstarfi við sveitamarkað var safnað vinningum - einstaklingar og fyrirtæki á sveitaverkefnissvæðinu gáfu vinninga til að setja í "LukkuKrukku". Allir sem keyptu eitthvað á sveitamarkaðnum gátu sett nafnið sitt á miða og í "LukkuPott" - sem dregið var úr á hálftíma fresti á meðan á sveitamarkaði stóð. Það nafn sem var dregið úr pottinum var kallað upp - og fékk að draga sér vinning úr "LukkuKrukkunni". - LukkuKrukkan" gerði mikla lukku á sveitamarkaði! |
| 10.sept. | 11:00 - 17:00 | **Breiðablik - "heimilisiðnaðareldhús"** | Námskeið í samstarfi við endurmenntun LBHÍ - tínsla og meðhöndlun sveppa. Sveppatínsluferð í Hofsstaðaskóg og Másstaðabyrgi. - Féll niður vegna veðurs. |
| 16. - 19. sept. | 4 dagar | **Hadlow í Englandi** | EcoJobs - vinnusmiðja í Englandi. Þrír fulltrúar frá Sveitaverkefni tóku þátt. Mjög áhugaverðar vinnusmiðjur og vettvangsferðir. |
| 17. nóv. | 12:00- 18:00 | **"Hittingur" Breiðabliki** | Vinnusmiðja um áframhaldandi verkefni tengd "sveitamarkaði" - "matgæðingum" - "sögufylgjum" og "ferðaþjónustu" |
| 27.nóv. | 16:00 - 20:00 | **Handverk, hönnun og heimavinnsla. Leiðbeinandi einkaviðtöl á Breiðablik** | Heimsókn frá Sunnevu í Handverk og hönnun í samstarfi við sveitamarkaðshópinn - Einkaviðtöl og tilsögn um handverk og markaðsmál |
| 27.nóv. | 20:30 - 22:00 | **Breiðablik "Hittingur" - Sunneva-Handverk & hönnun** | Sunneva í Handverk og hönnun - opin fundur með sveitamarkaðshóp um handverk, hönnun og heimavinnslu; gæði, áherslur, framsetningu og markaðsmál |
| 29. nóv. | 11:00 - 20:00 | **"Vettvangsferð" Hvalfjörður** | Vetvangsferð í Hvalförð þar sem heimsótt voru Hernámssetrið að Hlöðum og Bjarteyjarsandur. Forsvarsmenn þessara staða tóku á móti hópnum og fræddu okkur um aðdraganda, þróun og rekstur þessarar starfsemi. - Mjög fróðleg og skemmtileg ferð sem skildi mikið eftir. |
| 8. des. | 12:00- 18:00 | **Jólamarkaður á Breiðabliki** | Jólamarkaður - sveitamarkaðshópsins á Breiðabliki. |
| 12. - 13. des | 12:00- 18:00 | **"Sveitamarkaður í útrás"** | Nokkrir aðilar úr sveitamarkaðshópnum fór með vörur á Jólamarkaðinn á Ingólfstorgi í RVK - voru með bás í tvo daga. |
| | | | ***Jólafrí*** |

## Sveitaverkefni & EcoJobs – verkefnisyfirlit 2014

| "Sveitaverkefni" - heimboð, hittingur, vinnusmiðjur og viðburðir til að efla heimavinnslu, matarmenningu, sögufylgd og ferðaþjónustu - frá Hítará að Hellnum – „new skills and activities for the development of ecological approach in education and training“ | | | |
|---|---|---|---|
| ***dagur*** | ***tími*** | ***viðfangsefni*** | ***það sem gert var...*** |
| 8.jan | **kl. 20:30-22:00** | **"heimboð" ferðaþj. Snorrastöðum** | Ferðaþjónustubændur á Snorrastöðum buðu upp á kaffi og kruðirí og kynntu sína starfsemi-mjög gott spjall um uppbygginguna og umhverfi ferðaþjónustu. Umræður: *Mannamót 2014*- ferðakynning í flugskýli á RVK flugvelli til að kynna ferðaþjónustu á landsbyggðinni - rætt um að fjölmenna af svæðinu! - Gott spjall og ánægjuleg kvöldstund í góðum hópi! http://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/mananmot-2014-kynna-ferdathjonustu-a-landsbyggdinni. |
| 29.jan. | **kl. 20:30-22:00** | **Lýsuhólsskóli** | Kynning á því sem við ætlum að gera í vetur; sagnaseyður - söguskjóður og sagnabelgir. Kynning á verkfærakistu/sögukorti Svæðisgarðs. Kynning á "söguverkefni" Lýsuhólsskóla. Umræður - hverjir vilja búa til sína söguskjóðu? |
| 5.feb. | **kl. 20:30-22:00** | **Lýsuhólsskóli** | Dansæfing í sveitinni til að hita upp fyrir þorrablótin...Ör-dansnámskeið þar sem Ásrún Kristjánsdóttir leiðbeinir fólki við að liðka sig, rifja upp og æfa danssporin. |
| 6.feb. | **kl. 20:30-22:00** | **Lýsuhólsskóli** | Dansæfing í sveitinni til að hita upp fyrir þorrablótin...Ör-dansnámskeið þar sem Ásrún Kristjánsdóttir leiðbeinir fólki við að liðka sig, rifja upp og æfa danssporin. |
| 12.feb | **kl. 20:30-22:00** | **"heimboð" ferðaþj. Lýsuhóli** | Ferðaþjónustubændur á Lýsuhóli buðu upp á afmæliskaffi húsfreyjunnar og kynntu sína starfsemi. Umræður: *Verðlagning og umboðslaun(commission) / *Markaðs- og kynningarefni. Rósa Björk, forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands gestur. Skemmtilegt kvöld og góðar umræður með öflugum hóp. |
| 26.feb. | **kl. 20:30-22:00** | **"heimboð" Samkomuhúsið Arnarstapa** | Ólína staðarhaldari kynnti sína starfsemi og bauð upp á rjómapönnsur og fjallagrasabrauð. Svo var spjallað um og skoðuð ýmis bókmenntaverk sem fjalla um eða gerast á okkar svæði<br>Gott væri að fá ábendingar um og koma upp skrá um skemmtilegar sögur eða frásagnir sem birst hafa á prenti og tengjast sveitunum okkar – frá Hítará að Hellnum<br>Veltum fyrir okkur möguleikum í vöruþróun í sögutengdri ferðaþjónustu. Notaleg stund og áhugaverðar umræður með skemmtilegum hóp. |
| 12.mar | **kl. 20:30-22:00** | **"heimboð" Gistihúsið Langaholt** | Keli vert kynnti ferðaþjónustuna í Langaholti og bauð upp á kaffi og rjómavöfflur. Sævar Freyr frá SAGA TRAVEL kom í heimsókn og sagði okkur frá vöruþróun og gerð ferðapakka með heimsóknum til bænda og mat úr heimahéraði ofl. í Eyjafirði - mjög áhugaverð kynning og góð umræða. Umræðan: * Samstarf og "ferðapakkar" á sunnanverðu Snæfellsnesi. Frábært kvöld með góðu fólki. |
| 26.mar | **kl. 20:30-22:00** | **"námsferð" í Dalina** | Heimboð í dalina - samstarf við verkefnið "hittu heimamanninn" Námsferð fyrir sögufylgjur: örnámskeið og þjálfun í fram komu og framsögu - kennari Sirrý - sunnudagsmorgunn með Sirrý. Áhugavert og gagnlegt námskeið. Mjög skemmtileg samvera með góðu fólki. gott að bera saman bækur sínar og læra hvort af öðru. |
| 9.apr | **kl. 20:30-22:00** | **"heimboð" Hótel Rjúkandi Vegamótum** | Ferðaþjónustubændur á Vegamótum kynntu uppbygginguna og starfsemi Hótel Rjúkanda og buðu upp á kaffi og kræsingar. Sögufylgjumöppur afhentar og átthagafræðipistill; farið yfir helstu punkta varðandi byggð og sögustaði á svæðinu. Rætt um áherslur og sérstöðu hverrar "sögufylgju". gott kvöld með góðu fólki. |
| 14.-18.apr. | | **EcoJobs "VinnuSmiðja" Frakklandi** | Fulltrúi sem hefur tekið virkan þátt í öllu starfi Sveitaverkefnis/EcoJobs fór í vinnsmiðju til Frakklands. |
| *23.apr.* | ***FRESTAÐ*** | | *Síðasti vetrardagur - tónleikar karlakórsins Heiðbjartar* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 30.apr. | **kl. 20:30-22:00** | **"námsferð" Sögustofa Inga Hans Grundarfirði** | Námsferð fyrir sögufylgjur: "heimboð" í sögustofu sagnamanns - Ingi Hans og Sigurborg tóku á móti okkur í nýopnaðri Sögustofunni hjá sér í Grundarfirði. Sögðu frá tilurð, hugmyndafræði, fyrirhugaðri starfsemi og miðlaði af reynslu sinni sem sagnamanns á Snæfellsnesi - og um áhuga, eftirspurn og væntingar gesta - og gaf hópnum góð ráð. Öllum boðið í kaffi og kruðirí eftir kynningu. Skemmtileg kvöldstund - fræðandi og ánægjuleg ferð í góðum hópi. |
| 7.maí | **kl. 20:30-22:00** | **"heimboð" >Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull >Prímus Kaffi** | Gestastofa þjóðgarðsins Snæfellsjökuls heimsótt - starfsemin og drög að sumardagskrá Þjóðgarðsins kynnt, miklar og góðar umræður. Heimboð í Prímuskaffi, boðið upp á kaffi og kræsingar og starfsemi kaffihússins kynnt. Umræður um "Snæfellsneskortið"og"dag ferðaþjónustunnar" og mikilvægi þess að fólk standi saman að kynningaverkefni fyrir okkar svæði - þar sem það skiptir máli að koma fram sem sterkur og samstíga hópur. Góð kvöldstund og áhugaverð umræða með góðum hópi. |
| *14. og 28. maí* | ***FRESTAÐ*** | | *SAUÐBURÐUR OG AÐRAR VORANNIR Í SVEITINNI* |
| 4.jún | **kl. 20:30-22:00** | **"heimboð" Garðyrkjustöðin Lágafell** | "Heimboð" í Garðyrkjustöðina Lágafell v. Vegamót.Fjölskyldan að Lágafelli kynnti uppbyggingu og starfsemi Garðyrkjustöðvarinnar. Einnig kynntu þau þróunarverkefni sem þau eru að vinna að þar sem þau eru í samstarfi við ferðaþjónustuaðila að þróa ræktun á salati og kryddjurtum sem þau ætla svo að selja í áskrift til ferðaþjónustuaðila og íbúa svæðisins "local food". Boðið upp á lífrænt kaffi og rjómavöfflur í gróðurhúsinu. Mjög ánægjuleg kvöldstund í vorhúminu. |
| 2.-10. júní | **kl. 20:30-22:00** | **"Fegurri sveitir" skipulagt hreinsunarátak í sveitinni okkar** | SNB lagði til brotajárns- og ruslagáma í sveitina 2.-10. júní, þar sem hægt var að losa sig við rusl endurgjaldslaust Búnaðarfélagið bauð gjáldfrjáls afnot af tækjum félagsins í tiltektarvinnu þetta árið. Ungmennafélögin gengu meðfram öllum þjóðveginum í sveitunum og hreinsuðu rusl 5. júní. |
| 5.jún | **kl. 20:30 -22:00** | **"Skottmarkaður og skemmtilegheit"** | Skottmarkaður og húllumhæ við Lýsuhólslaug. Tekið til í geymslunum og skellt í góðan skottmarkað. Boðið upp á Ölkelduvatn, kaffi og köku. Margir fóru heim með góða hluti og aðrir losuðu sig við það sem þeir notuðu ekki lengur. Mikið spjallað, hlegið og haft gaman saman. |
| 12. 13. júlí | **kl. 12-18** | **"Sveitamarkaður"** | "Sveitamarkaðshelgi" í félagsheimilinu Breiðabliki. Sveitamarkaðsfólk setti upp markað til að selja handunnar og heimagerðar vörur. Bæði handverk og matvæli. Auk þess var boðið upp á kaffi og rjómavöfflur og ýmis skemmtiatriði og fróðleik. |
| 12. 13. júlí | **kl. 12-18** | **"LukkuKrukka"** | "LukkuKrukka" á sveitamarkaði. - einstaklingar og fyrirtæki á sveitaverkefnissvæðinu gáfu vinninga til að setja í "LukkuKrukku". Allir sem keypu eitthvað á sveitamarkaðnum gátu sett nafnið sitt á miða og í "LukkuPott" - sem dregið var úr á hálftíma fresti á meðan á sveitamarkaði stóð. Það nafn sem var dregið úr pottinum var kallað upp - og fékk að draga sér vinning úr "LukkuKrukkunni". - LukkuKrukkan" gerði mikla lukku á sveitamarkaði! |
| **Sumarfrí í SveitaVerkefni - EcoJobs-verkefni LOKIÐ** | | | |

## Upplýsingar um verkefnin:

https://www.facebook.com/sveitasimi

http://sveitasiminn.is/

## Ýmsar myndir af vettvangi:














## Dæmi um kynningar á verkefnum:






## Sýnishorn af skráningarblöðum á „hitting“:

**SVEITIN -GÆÐI, FÆÐI OG FRÆÐI-**

SveitaVerkefni
-sjálfsefling samfélags-
-frá Hitará að Hellnum-

ECOJOBS

SSV þróun og ráðgjöf

**ÞÁTTTÖKULISTI:** Gestastofa + Primuskaffi

**staður og stund:** 07.05. 2014

| nafn: | heimili: |
|---|---|
| Jóhanna Ásgeirsd. | Lýsuhóll - Snæhesta |
| Hjörtur Óli | Stóru Kömbum |
| Olma Gunn... | Ölvi |
| Jónína Þorgrímsdóttir | Grenhóli |
| Helga María Magnúsd | Fossi |
| [illegible] | Langaholt |
| Eyþór [illegible] | Langaholt |
| *Áslaug Sigvaldad. | Syðra Lágafelli |
| *Gabriel G. Franch Terrens | Vegamót |
| Sigrún Erla Eyjólfsd. | Vegamótum |
| *Hjört Eng | Stóra kambi |
| Olma Gunnlaugsdóttir | Samkomuhúsinu á Arnarstapa |
| *Þórður Runólfs | Syðra Lágafelli |
| Þórunn A. Gunnar | Böðvarsholti |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | Álftavatni |
| *Branddís Margrét Hauksd | Snorrastöðum |
| *Guðný Linda Gísladóttir | Dalsmynni |
| Þóra Sif Kópsdóttir | Ytri-Görðum |
| Laila Bestlsd. | Hofgarðar |
| Laufey Bjarnadóttir | Stakkhamri |
| Rósa B. Halldórsd | Markaðsstofa Vesturlands |
| *Ásta Bjarnadóttir | Stakkhamri |
| *Björn Alexandersson | — // — |
| Þórunn Hilma | Neðri-Hóll |
| Jóhanna Ásgeirsd | Lýsuhóll |
| *Óttar [illegible] | — // — |

## Sýnishorn af þátttökuskráningu í heimboð og hitting:

| Þátttakendur | hittingur | hittingur | hittingur | hittingur | hittingur | hittingur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **heimili** | **ferðaþj. Snorrastöðum "heimboð"** | **Lýsuhólsskóli** | **ferðaþj. Lýsuhóli "heimboð"** | **Samkomuhúsið Arnarstapa "heimboð"** | **Gistihúsið Langaholt** | **Hótel Rjúkandi Vegamótum** |
| Lýsuhóli | | | 1 | | | |
| Lágafelli | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Stakkhamri | | | 1 | | | 1 |
| Stakkhamri | | | 1 | | | 1 |
| Kast | | | | | | 1 |
| Snorrastöðum | 1 | | 1 | | | 1 |
| Ölkeldu III | | 1 | | | | |
| Stóra-Kambi | 1 | | | 1 | 1 | |
| Vegamótum | | | | | | 1 |
| Vegamótum | 1 | | 1 | | | 1 |
| Álftavatni | | | | | 1 | |
| Syðri-Knarrartungu | | | | | | |
| Dalsmynni | 1 | | 1 | | 1 | |
| Bjargi | | | | 1 | | |
| Þverá | 1 | | | | | |
| Fossi | | | | | 1 | 1 |
| Stóra-Kambi | | | 1 | 1 | | |
| Vegamótum | | 1 | | | 1 | 1 |
| Lýsuhóli | 1 | 1 | 1 | | | 1 |
| Snorrastöðum | 1 | | | | | |
| Hofgörðum | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Stakkhamri | | | 1 | | | 1 |
| Kast | | | | | | 1 |
| Böðvarsholti | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Kast | | 1 | | | | |
| Ökrum | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | |
| Álftavatni | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Votalæk | | 1 | | 1 | 1 | |
| Böðvarsholti | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 |
| Vegamótum | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 |
| Hofgörðum | 1 | | | | | |
| Fossi | | | | | | 1 |
| Langaholti | | | | | 1 | 1 |
| Hraunsmúla | 1 | 1 | | | 1 | 1 |
| Ystu-Garðar | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Lágafelli | 1 | | 1 | | 1 | 1 |
| Neðri-Hól | | | 1 | 1 | 1 | |
| **Mæting samtals:** | **17** | **14** | **19** | **12** | **17** | **22** |